

Fundargerð umhverfisnefndar

7. september 2018 kl. 13:00

Mætt: Tómas Ingi, Agnar, Alexander, Einar Ási, Stefanía, Unndís, Freyja, Helena, Sigga K og Þórdís sem ritar fundargerð.

1. Helena býður nýja umhverfisnefnd velkomna og segir frá þeim verkefnum sem nefndin stendur fyrir yfir skólaárið og hvert hlutverk nefndarinnar er í skólastarfinu.
2. Fjallað um verkefni sem nefndin hefur verið að vinna að síðastliðin tvö ár sem tengist mengun af völdum plastnotkunar (einnota plast). Tengt við umræðuna um plastlausan september.
3. Dagur íslenskrar náttúru er í næstu viku og þá fer skólastarfið fram úti í einn dag. Nefndarmenn komu með hugmyndir að verkefnum og leikjum sem hægt er að vinna í skóginum. Hugmyndir komu fram um íþróttaiðkun, smíðaverkefni, kveikja eld, byggja hús.
4. Þemavika í október. Ákveðið að taka fyrir þemað Hnattrænt jafnrétti. Hver fulltrúi fer með gátlista inn í bekkinn sinn og umsjónarkennari fer yfir gátlistann og verkefni þemaviku verða skipulögð út frá gátlistanum.
5. Kartöflupptaka er framundan og þarf að fara að huga að því verkefni.
6. Umhverfissáttmáli Heiðarskóla kynntur – Gerðu það sem er rétt fyrir umhverfið- ekki það sem er auðveldast. Einhverjir eiga eftir að setja þumalinn sinn á tréð.

Fundi slitið 13:40

